



Samtök verzlunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Fréttatilkynning

14. júlí 2006

Skref í rétta átt

SVP fagna þeim tillögum matvælanefndar forsætisráðherra sem leitt geta til lækkunar á matarverði. Samtökin telja mjög mikilvægt að afnema vörugjöld af matvælum hið fyrsta og að öll matvæli beri sama hlutfall virðisaukaskatts. Jafnframt hvetja SVP stjórnvöld til að fara að ráðum meirihluta nefndarinnar varðandi afnám tolla og annarra viðskiptahindrana vegna innflutnings á búvöru.

Að mati SVP eru tillögur nefndarinnar skref í rétta átt. Æskilegra hefði verið að full samstaða hefði náðst um að heimila tollfrelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum og afnema ofurvernd fyrir innlenda framleiðslu, -eina þá hæstu í heiminum. Slíkar breytingar hafa ekki aðeins áhrif til lækkunar á vöruverði heldur virka þær einnig hvetjandi á atvinnulífið og auka trúverðugleika Íslands í alþjóðaviðskiptum. Frelsi í innflutningi landbúnaðarvöru, einkum kjöti, ostum, eggjum og blómum, myndi ekki síst skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi fyrir landbúnaðinn, sem stæði þá jafnfætis öðrum atvinnugreinum í landinu.

Mikilvægt er að stjórnvöld bregðist fljótt við ráðum meirihluta matvælanefndar um aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvöru. Ísland er meðal þeirra þjóða sem krefjast hvað harðastrar verndarstefnu fyrir landbúnað innan alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Þessi einarða stefna Íslendinga á litlu fylgi að fagna meðal helstu viðskiptalanda okkar í Evrópu og spillir fyrir í þeim samningaviðræðum WTO sem nú eru á mjög viðkvæmu stigi. Ísland er hluti af innri markaði Evrópu og landsmenn eiga að njóta þess í viðskiptum sínum innan þess svæðis.

Öðru hverju koma fram kenningar um að lægri tollar og aukið frelsi í innflutningi á matvælum skili sér ekki til neytenda því smásöluverslunin hækkir

þá álagningu sína. Þessu mótmæla SVP og benda á að lækkun á tollum á grænmeti fyrir nokkru leiddi til viðvarandi lægra verðs til neytenda.

Varað við opinberri neyslustýringu

SVP mótmæla þeim hugmyndum sem Lýðheilsustofnun hefur sett fram um að halda beri í hærri skattlagningu á einstakar tegundir matvæla sem taldar eru óhollari en aðrar. Slík opinber neyslustýring hefur hingað til alltaf mistekist. Stjórnvaldsákvæðanir um hvaða matvörur eru óhollar og hverjar hollar eru dæmdar til að mistakast. Dæmin sanna þetta: Hreinn ávaxtasafi og kolsýrt vatn á flöskum er flokkað í hærra þrep virðisauka-skatts og þar með sem óhollusta. Hins vegar eru dísætar mjólkurvörur og feitt kjöt í lægra þrepi virðisaukaskatts og flokkað sem hollusta. Vísbendingar eru um að efnalitlir neytendur kaupi frekar óhollar matvörur en þeir sem hafa meiri fjárráð. Engin dæmi hafa verið sýnd um að hærri skattlagning á slíkar vörur breyti neyslumynstrinu sem neinu nemur. Líklega myndi sú ráðstöfun verða til þess að rýra kjör þessa fólks enn frekar.

(Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVP, s.8221201)

SVP- Samtök verslunar og þjónustu eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 200 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Þar á meðal eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina 300 þúsund neytendur í landinu auk álíka margra ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframleiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu 36%.

Þessi fréttatilkynning verður líka á vefsíðu okkar: www.svth.is